

2.fundur skólaráðs þann 11.11.2015.kl. 8:10 í fundarherbergi.

Skólaráð skipa eftirtaldir fulltrúar skólaárið 2015-2016. (Mættir fulltrúar eru feitletraðir).

**Arnheiður Helgadóttir, grenndarfulltrúi**, Þórður Ingi Bjarnason, fulltrúi foreldra, Guðrún Hallgrímsdóttir, fulltrúi foreldra, **Margrét Brynhildur Gunnarsdóttir, fulltrúi kennara**, Marsibil Gísladóttir, fulltrúi kennara í Engidal, Elín Þráinsdóttir, fulltrúi annars starfsfólks, **Andrea Mist Viggósdóttir, fulltrúi nemenda**, **Rakel Sigmarsdóttir, fulltrúi nemenda**, **Hrönn Bergþórsdóttir, skólastjóri og aðstoðarskólastjórar sem áheyrnarfulltrúar**.

### Dagskrá

1. **Skólaping.** Tillaga að hafa skólaping á öskudaginn og einungis fyrir nemendur að þessu sinni. Hugmyndin er að hafa þingið frá 8.20-9.20 þá eiga allir nemendur að vera í skólanum. Hugsa þarf um hvernig þetta er framkvæmanlegt með 250 nemendum, þarf kannski að koma í árgöngum. Gott að hafa nemendur með í ýmsum umræðum t.d. um heilsuskólastefnuna og grænfánaverkefnið, matarmálin í skólanum, hvaða val þau vilja sjá í kennslunni, þeirra sýn á kennsluna, félagslífið (bólið) og hraunið og ýmslegt sem nemendur vilja ræða, gott að gera könnun meðal nemenda hvað þau vilja ræða. Einnig væri gott að ræða um Skólamat, en þó getur verið of seint að ræða það á öskudegi.
2. **Staða þróunarverkefna.**
  - Heilsuskólaverkefni, fór af stað í haust svo það er rétt að byrja.
  - Læsisverkefni er í fullum gangi, byrjuðum í fyrra og erum að bæta í. Hafnarfjörður er með alla skólana í þessu verkefni. Mikil breyting varð í unglingsdeild, allir fara í lestrarpróf og eiga að lesa heima daglega. Þegar nemendur ná ekki þeim viðmiðum sem ætlast er til bregst skólinn við með íhlutun sem foreldrar þurfa að taka þátt í með skólanum.
  - Grænfánaverkefni. Það er í fullum gangi, nemendur eiga að flokka og passa upp á ruslið.
  - Stærðfræði, hefja á sérstakt átak í stærðfræði eftir áramót.
3. **Skólanámskrá.** Er langt komin en við erum að vinna í henni ennþá. Mögulega verður kallaður sér fundur til að fara yfir hana eða þá að hún verður send rafrænt til fólks. Starfsáætlun er líka í framkvæmd en hún er ekki komin eins langt.
4. **Önnur mál:**
  - Bólið, búíð er að opna bólið, sem er félagsaðstaða nemenda. Nemendur græjuðu stóra geymslu í fyrra sem var notuð undir félagsaðstöðu en því miður var gert athugasemd í vor að bæta úr brunavörnum svo það varð að loka á meðan fundin var lausn á því. Það er sem sagt búíð að laga það og opna aftur. Nemendur komu með athugasemd um að laga loftið þarna inni, það er ekki hægt að láta glugga standa opna þar sem þeir lokast alltaf aftur, þessu þarf að kippa í lag með gluggajárni. Þarf að athuga hvort nemendur vilja bæta/breyta einhverju þarna inni.
  - Endurskinsmerki og hjól, sendur var póstur á foreldra þar sem beðið var um að setja endurskinsmerki á börnin sín og passa að þau fari varlega á hjólum/hlaupahjólum. Mikið myrkur er í kringum skólann og mikil hætta á ferð og því þurfa nemendur og bílstjórar að fara varlega. Átak er að fara af stað í

bæjarfélaginu og við í skólaráði getum átt von á því að fá fulltrúa úr þessu átaksverkefni inn á fund hjá okkur. Kemur í ljós síðar.

Fleira ekki rætt, næsti fundur boðaður 2.desember.

Fundi slitið 9.15.

Ritari Anna María Skúladóttir